

Nd.

357. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa fyrir ríkissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.

2. gr.

Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða skv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd, sem ríkisstjórnin skipar. Fjórir nefndarmanna séu tilnefndir af stjórn málaflökkunum, einn af hverjum, en ríkisstjórnin skipar formann, og sé hann jafnframt framkvæmdastjóri.

Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveitarfélög, þar sem fasteignin er.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

Hæstiréttur ákveður, hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni, og skal hann vera lögfræðingur.

4. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

5. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar að láta þau vera áfram þar, sem þau eru, gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 1. gr., ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaðinu, innan tiltekins tíma, kröfuhöfum að viðlögðum kröfumissi (preclusion).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 26. apríl 1944. Greinargerðin fyrir bráðabirgðalögum er svo hljóðandi:

„Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að til þess að greiða fyrir burtrýmingu hernaðarmannvirkja hér á landi, þegar að því kemur, og með það fyrir augum, að verðmæti þau, sem í þessum mannvirkum eru, komi að sem bestum notum fyrir landsmenn, telji hann nauðsynlegt, að ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs sé veitt heimild til að festa kaup á eignum setuliðsins.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs sé veitt ofanefnd heimild, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:“